

FUNDARGERÐ

stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness *með bekkjarfulltrúum Mýrarhúsaskóla*, sem fram fór þriðjudaginn 6. október 2015 kl. 21:00, í matsal Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélags grunnskólans: Svana M. Davíðsdóttir formaður, Hervör Pálsdóttir, Sonja Bergmann, Ólafía Harðardóttir, Guðrún Karlsdóttir, Katrín Magnúsdóttir og Helga Sverrisdóttir.

Fundarstjóri: Svana Davíðsdóttir, formaður.

Fundarritari: Hervör Pálsdóttir.

1. Hlutverk foreldrafélagsins

- Formaður kynnti starf foreldrafélagsins og hlutverk sem og stjórnar
- Fulltrúar í stjórn kynntir

2. Hlutverk bekkjarfulltrúa

- Guðrún Karlsdóttir fór almennt yfir hlutverk bekkjarfulltrúa
- Áhersla hjá stjórn foreldrafélags á aukið samstarf foreldra, stjórnar og kennara
- fyrirkomulag kosningar
- Hlutverk bekkjarfulltrúa
 - Bekkjarskemmtanir – skipulagning fyrir sinn bekk
 - Bekkjarfulltrúar innan árgangs geta tekið sig saman um atburði
 - Vettvangur fyrir foreldra til að hittast – kynnst – ræða málin, t.d. samræming reglna innan bekkjar varðandi afmælisgjafir, útivistartíma o.s.frv.
 - Bekkjarfulltrúar taki þátt í og aðstoði á viðburðum vegum foreldrafélagsins s.s. vorhátíðinni

3. Vinahópar (sjá einnig sér blað)

- Forvarnarhlutverk
- Hópar innan bekkja
- Markmiðið m.a. að foreldrar kynnist bekkjarsystkinum barna sinna og foreldrum þeirra
- Fyrirkomulagið: 4-5 nemendur í hverjum hóp – best ef gert í samráði við umsjónarkennara – helst ekki bestu vinir heldur reynt að stuðla að því að allir kynnist öllum, heimilum þeirra og aðstæðum
- Gott að halda á 2-4 vikna fresti – 4-6 vikna fresti líklega raunhæfari – Reyna að koma á plani um gestgjafa tímanlega
- Þegar allir í hópnum hafa verið gestgjafar getur komið til skoðunar að stokka hópunum upp og byrja aftur á nýjum hring
- Mikilvægt að finna lausn ef fellur niður – reyna að halda fyrirframákveðnum dagsetningum

- Þar foreldrar mæti í kaffisopa síðasta hálf tímann
- Vinahópar eiga ekki að kosta mikið eða vera – markmiðið er samvera
- Nokkrar hugmyndir, sjá einnig á heimasíðu heimilis og skóla – t.d. pizza, gönguferð með leiðsögn, heimsókn á vinnustað foreldris
- Blað með ítarlegri upplýsingum verður aðgengilegt á heimasíðu skólans
- Áhersla stjórnar að vinahópar fari af stað sem fyrst – nokkrir byrjaðir

4. Bekkjarkvöld? Skipulögð af bekkjarfulltrúum

- Hugmyndir má m.a. finna á heimasíðu heimilis og skóla
- Bekkjarfulltrúar innan árgangs hittast t.d. á morgunverðarfundum á kaffihúsi, hægt er að grilla saman, alls konar party, bingó, spilakvöld, pizzugerð, halloween, o.s.frv.
- Settar verði á laggirnar Facebooksíða bekkjarfulltrúa! Deila hugmyndum o.fl. – bekkjarfulltrúar hvattir til að setja inn upplýsingar um þeirra bekkjarkvöld og opinn vettvangur fyrir bekkjarfulltrúa til að ræða saman

5. Samstarf leikskóla og leikskóla

- Formaður kynnti hugmyndir stjórnar um að brúa betur bilið á milli leikskólans og skólans
- Formaður leitar eftir fulltrúum í ráðið. Björn Gunnlaugsson býður sig fram.
- Markmiðið að kortleggja samstarfið með fulltrúum stjórenda skólans, kennurum og foreldrum.
- Formaður bendir á að verið sé að rannsaka efnið í Háskóla Íslands. Gæti verið áhugavert að leita til viðkomandi rannsakandi.

6. Jákvæð samskipti

- Umræða um þetta á síðasta aðalfundi – foreldrar hafi bent á að börn geti verið orðljót og foreldrar finni fyrir virðingarleysi barnanna
- Var kannað hjá stjórnendum skólans.
- Mikilvægt að fulltrúar hitti stjórnendur skólans og ræði málið
- Stjórn foreldrafélagsins vill í þessu ljósi gjarnan koma á fót vinnuhóp undir stjórn Sonju Bergmann um jákvæð samskipti.
- Leitað eftir fulltrúum. Benedikt Bragi Sigurðsson og Guðrún Theodóra Hrafnadóttir bjóða sig fram.

7. Vímuvarnarráð

- Fulltrúi stórnar foreldrafélagsins í vímuvarnarráði kynnir það starf og fer yfir efni fundar ráðsins sama dag.
- Miklar áhyggjur fagaðila af svefnleysi barna, mikilvægt að takmarka snjalltækjanotkun á kvöldin og huga að svefni barnanna. Þetta hafi einnig sýnt sig þannig að börn séu ítrekað að koma of seint í skólann og þreytt

8. Foreldraráð og önnur málefni

- Fram fór kynning á foreldraráði
- Hugmyndir um frekari stýring á frímínútum ræddar
- Mentorar ræddir
- Einelti og eineltisáætlun
 - Á að einhverju leyti undir vinnuhóp um jákvæð samskipt – forvörn í jákvæðum samskiptum
 - Bent er á fyrirlesara Hermann Jónsson sem gæti verið áhugavert að fá fyrirlestur hjá

Fundi slitið kl. 22.15

HP